

Fimmtudaginn 13. apríl 1989.

Nr. 1/1989. **Starfsmannafélag Akureyrarbæjar**

(Guðni H. Haraldsson hdl.)

gegn

Akureyrarbæ

(Hreinn Pálsson hdl.).

Yfirvinnuskylda. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Garðar Gíslason, Auður Þorbergsdóttir, Jónas Gústavsson, Sigurveig Sigurðardóttir og Magnús E. Guðjónsson.

Málið, sem tekið var til dóms 7. þ.m., er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu birtri 1. mars sl.

Stefnandi er Starfsmannafélag Akureyrarbæjar, kt. 451275-2599, Ráðhústorgi 3, Akureyri.

Stefndi er Akureyrarbær, kt. 410169-6229, Geislagötu 9, Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að félagsmenn stefnanda, er starfa hjá stefnda, hafi ekki yfirvinnuskyldu samkvæmt kjarasamningi aðila.
2. Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms, að yfirvinnuskylda samkvæmt grunnreglu 31. gr. laga nr. 38/1954 hvíli ekki á félagsmönnum stefnanda, er starfa hjá stefnda.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og þar með verði staðfest af Félagsdómi, að starfsmenn Akureyrarbæjar beri skylda til að vinna yfirvinnu.
2. Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

I.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að í síðast gildandi kjarasamningi aðila hafi verið að finna eftirfarandi ákvæði í gr. 2.3.8.:

„Skylt er starfsmanni að vinna þá yfirvinnu, sem yfirmaður hans telur nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni öðrum en þeim, sem

gegnir öryggisþjónustu, skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungi af tilskildum vinnutíma.“

Samningurinn hafi gilt til 31. desember 1986, en eftir honum hafi verið unnið til 19. mars 1987, þegar núgildandi samningur hafi verið undirritaður, hinn fyrsti kjarasamningur aðila eftir breytingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem gildi til 31. desember 1989. Í núgildandi kjarasamningi sé framangreint ákvæði fallið út, og hafi það verið fellt út með samkomulagi aðila. Krafa um slíkt hafi áður verið sett fram af hálfu stefnanda í kjarasamningum. Ástæðan til þess að ákvæðið hafi verið fellt niður í síðustu samningum, hafi verið, að 20 bæjarstarfsmannafélög hafi staðið að samningsgerðinni. Ætlunin hafi verið að samræma kjarasamninga þessara félaga. Stefnandi hafi verið eina félagið, sem hafði slíkt ákvæði um yfirvinnuskyldu í kjarasamningi. Hjá félagi eins og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar hafi hins vegar verið í gildi slík regla í reglugerð um réttindi og skyldur borgarstarfsmanna. Hjá öðrum félögum hafi gilt annaðhvort sérstakar reglur eða þá lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. gr. 11.1. í núgildandi kjarasamningi aðila málsins. Þær reglur, er gildi um réttindi og skyldur félagsmanna stefnanda, hafi ekki að geyma sambærilegt ákvæði um yfirvinnuskyldu, en þær séu frá árinu 1975. Í 32. gr. þeirra sé fjallað um yfirvinnuskyldu, en það ákvæði sé alls óskylt þeirri yfirvinnu, sem grein 2.3.8. hafi fjallað um.

Í desember 1987 hafi rafvirkjar hjá Rafveitu Akureyrar lýst því yfir, að þeir teldu sig ekki hafa aukna yfirvinnuskyldu. Í því hafi falist, að þeir hafi eingöngu talið sér skylt að vinna yfirvinnu við björgun á verðmætum svo og til verndar öryggi bæjarbúa. Hinn 15. janúar 1988 hafi þrír rafiðnaðarmenn hjá Rafveitu Akureyrar neitað að vinna yfirvinnu. Þessi ákvörðun hafi verið tekin af starfsmönnum, og hafi stefnandi sem félag ekki staðið þar að baki. Hinn 21. janúar s.á. hafi Sigfús Jónsson bæjarstjóri áminnt starfsmenn þessa. Í áminningunni hafi falist það, að yrði um endurtekningu að ræða, gæti það leitt til fyrirvaralausrar brottvikningar úr starfi.

Ágreiningur aðila um yfirvinnuskyldu hafi verið tekinn upp í kjaranefnd. Á meðan á þeim tilraunum stóð, hafi stefnandi ritað bæjarstjóranum á Akueyri bréf, dags. 21. mars 1988, þar sem þess hafi verið m.a. óskað, að áminningar þessar yrðu dregnar til baka. Með bréfi hans, dags. 5. apríl s. á., hafi beiðninni verið hafnað.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi kveður máli þessu stefnt fyrir Félagsdóm með vísan til 3. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 og 4. gr. 27. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að yfirvinnuskylda sú, sem um var fjallað í grein 2.3.8. í síðast gildandi kjarasamningi aðila, sé ekki lengur í gildi. Rök stefnanda eru þessi:

a) Ákvæði þess efnis, þ.e. gr. 2.3.8., var fellt úr gildi í síðustu kjarasamningum aðila. Þetta kemur fram m.a. í umsögn bæjarlögmanns, dags. 5. janúar 1988, en þar segir orðrétt: „Þetta ákvæði var síðan fellt úr samningnum, er kjarasamningur var gerður fyrir tímabilið 1. jan. 1987 - 31. des. 1989.“ Verið var að samræma kjarasamninga þeirra félaga, er að samningsgerðinni stóðu, og síðan var ætlunin að ná samkomulagi um samræmingu reglna um réttindi og skyldur. Því blasir sú staðreynd við, að á meðan ekki hefur tekist samkomulag um slíka endurskoðun eða samræmingu, er ekki í gildi neitt ákvæði, hvorki í kjarasamningi né í reglum um réttindi og skyldur, er býður mönnum að vinna slíka yfirvinnu.

b) Kjarasamningur aðila er samningur um lágmarkskjör. Ákvæði í ráðningarsamningi og slíkum reglum, er brýtur í bága við kjarasamning stéttarfélags starfsmanns, er ógilt, sbr. 24. gr. laga nr. 94/1986. Ákvæði kjarasamnings hafa ekki að geyma slíka skyldu um yfirvinnu. Því verður að lita svo á, að öll fyrirmæli í ráðningarsamningum eða öðrum einhliða settum reglum, er fara þannig í bága við kjarasamning, séu ógild.

c) Á því er og byggt, að 11. kafli í núgildandi kjarasamningi taki af öll tvímæli, hvað þetta varðar. Samkvæmt honum skulu lög nr. 38/1954 gilda um réttindi og skyldur þeirra bæjarstarfsmanna, sem ekki vinna undir sérstökum reglum þar um. Sú staðreynd blasir við, að slíkar reglur eru einmitt til staðar hjá aðilum máls þessa. Þar af leiðandi verður að mótmæla því, að reglur fyrrgreindra laga geti annaðhvort beint eða fyrir lögjöfnun átt við um félagsmenn stefnanda, er starfa hjá stefnda.

Stefnandi leggur áherslu á það, að yfirvinnuskyldan hafi verið óeðlileg, þar sem hún sé ekki almennt hjá stéttarfélögum.

Stefnandi bendir og á það, að í 73. gr. laga nr. 8/1986 um sveitarstjórnir segi, að starfsmenn við stjórnarsýslu sveitarfélaga hafi réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Um starfskjör annarra starfsmanna sveitarfélags fari hins vegar eftir ákvæðum kjarasamnings.

Þarna sé lögfest ákvæði um starfskjör félagsmanna stefnanda, og sé lögjöfnun frá 31. gr. laga nr. 38/1954 ekki heimil, enda sé skilyrði lögjöfnunar, að tilvikið sé lögákveðið.

Þegar kjarasamningur aðila, sem sé hinn löglegi grundvöllur starfskjara félagsmanna stefnanda samkvæmt 73. gr. laga 8/1986, sé skoðaður, megi ljóst vera, að gr. 11.1. sé almennt ákvæði, sem eigi uppruna sinn í rammasamningi þeim, sem gerður hafi verið í upphafi. Hér beri að beita gagnályktun frá gr. 11.1. og álykta, að þar sem reglur séu til um réttindi og skyldur, skuli *ekki* leitað til laga nr. 38/1954.

II.

Stefndi bendir á, að ekki sé kunnugt um, að deilur hafi sprottið út af yfirvinnu milli samningsaðila, fyrr en rafvirkjar hjá Rafveitu Akureyrar hafi neitað að vinna tiltekinn dag, og hafi það verið liður í baráttu þeirra við að halda ákveðnum kjörum, raunar forréttindum, sem þá hafði verið sagt upp. Svonefnt 10% „óþrifaálag“ til rafvirkja hafi verið fellt niður, þegar samræming hafi verið gerð, og reynt hafi verið að gera iðnaðarmenn í störfum hjá stefnda líkt setta. Rafvirkjar hafi mótmælt þessu sem kjararýrnun, en þeir hafi fengið þriggja launaflokka hækkun í staðinn, sem samsvari 9,6% hækkun. Ekki sé heldur kunnugt um, að ágreiningur út af yfirvinnu hafi risið hjá nokkrum öðrum starfsmönnum, enda muni fremur hafa verið litið á yfirvinnu sem kost en löst, þótt um slíkt megi deila.

Málsástæður og lagarök.

Stefndi telur, að þrátt fyrir það að ákvæði 2.3.8. í kjarasamningi, sem áður gildi, hafi verið fellt niður í núgildandi kjarasamningi, sé enn í gildi skylda félagsmanna stefnanda til að inna af hendi yfirvinnu, a.m.k. að vissu marki.

Rök stefnda fyrir því, að félagsmenn stefnda hafi yfirvinnuskyldu, séu þessi:

a) Í stefnu er gerð grein fyrir því, að sökum þess að samræma átti kjarasamninga þeirra félaga, sem að samningsgerðinni stóðu, var nefnt ákvæði fellt út úr samningi milli stefnanda og stefnda. Stefndi er í svonefndri launanevnd sveitarfélaga og hefur því ekki eitt bæjarfélag um samningsmál að segja, og sama er raunar um STAK sem viðsemjanda. Af bókun VIII má þó ráða, hver var ætlun samningsaðila, þ.e.a.s. að samræma reglur um réttindi og

skyldur bæjarstarfsmanna, og er út af fyrir sig eðlilegt, að ákvæði um yfirvinnuskyldu séu fremur í slíkum reglum en kjarasamningi. Fyrirmynd slíkra reglna er lög nr. 38/1954, lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og munu raunar flest sveitarfélög hafa stúðst við þær lagareglur, hafi þau ekki haft sérstakar reglur sjálf.

Það er því augljóst, að þótt ákvæði 2.3.8. í fyrri kjarasamningi hafi beinlínis verið fellt út, nýtur þó góðra heimilda um, hvers vegna það var gert.

Enn styður bókun X í núgildandi kjarasamningi þetta sjónarmið, en þar segir, að ef ákvæði í þeim samningi gangi skemmra en sambærileg ákvæði síðustu aðal- og sérkjarasamninga að mati viðkomandi bæjarstarfsmannafélags skuli eldra ákvæði sett inn í hinn nýja samning, en hið nýja fellt úr gildi. Enn segir orðrätt: „Sama gildi um sérákvæði úr síðustu samningum, sem ekki komu fram í samningi þessum.“

Þetta síðastnefnda á einmitt hér við, þannig að í raun gildir áfram ákvæði 2.3.8., og er það allt eins réttur Akureyrarbæjar að líta svo á, sbr. bókun á 49. fundi launanevndar sveitarfélaga hinn 2. mars sl.

b) Það ber auðvitað einnig að líta til þess, hver áhrif þetta brottfall ákvæðisins úr kjarasamningi hefur haft á samskipti starfsmanna við Akureyrarbæ. Engin breyting hefur orðið þar á önnur en það eina tilvik, sem varðar 3 rafvirkja, starfsmenn Rafveitu Akureyrar, en þeir neituðu að vinna yfirvinnu í des. 1987. Það er einangrað tilvik, og raunar var sú ákvörðun sprottin af allt öðru tilefni en því, að ákvæði 2.3.8. hefði fallið út úr kjarasamningi. Almennt telja starfsmenn sig eiga að hlíta því að vinna yfirvinnu og telja raunar til hlunninda að njóta hennar, en allir starfsmenn Akureyrarbæjar, sem vinna útivinnu, njóta tveggja tíma yfirvinnu á dag.

c) Þá skal loks á það bent, að enda þótt talið yrði, að þessi skylda til yfirvinnu hvíldi ekki á starfsmönnum Akureyrarbæjar, þá hvílir hún samt sem áður á skv. lögjöfnun frá 31. gr. laga nr. 38/1954. Starfsmenn sveitarfélags njóta í langflestu hliðstæðra kjara og ríkisstarfsmenn, s.s. fastráðningar, og heyra undir lög nr. 94/1986, en engin sambærileg lög eru hins vegar til um réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga. Í 11. kafla núgildandi kjarasamnings er fram tekið, að þar sem ekki gildi sérstakar reglur um réttindi og skyldur, skuli gilda lög nr. 38/1954, eftir því sem við á. Undir þetta rituðu forsvarsmenn STAK hinn 19. mars 1987.

Ástæða þess, að ákvæði samsvarandi 31. gr. 1. 38/1954 var ekki tekið upp í Reglum um réttindi og skyldur starfsmanna Akureyrar-
 jar á sínum tíma, er sú, að slíkt ákvæði nánast samhljóða fólst
 2.3.8. í aðalkjarasamningi. Því má einnig líta svo á, að í 11. kafla
 gildandi kjarasamnings sé sleginn varnagli um þetta vegna þess
 lílibilsástands, sem nú ríkir og áður var að vikið um samræmingu
 þina um réttindi og skyldur bæjarstarfsmanna.

Um tilvísun stefnanda til 73. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986
 er stefndi, að ákvæði þetta sýni skyldu til yfirvinnu með því að
 æða á um, að starfsmenn við stjórnslu hafi réttindi og skyldur
 innberra starfsmanna. Engin lögskýringargögn sýni, hvaða annan
 lning skuli leggja í ákvæði þetta, og megi því ekki gagnálykta
 því, þar sem einungis afdráttarlausar reglur séu til gagnályktunar
 lnar.

Stefndi vísar í forsögu máls þessa og bendir á, að ætlun samn-
 saðila með bókun VIII í kjarasamningi hafi verið sú, að yfir-
 nuskylda félli undir grein 11.1. í samningnum, og til bókunar-
 ar sé vísað í ákvæðinu til áherslu.

III.

Aðilar máls þessa gerðu með sér kjarasamning hinn 19. mars
 87. Í honum er svofelld bókun VIII:

„Aðilar samnings þessa eru sammála um, að nauðsynlegt sé, að
 nu reglur gildi hjá öllum aðilum samningsins um réttindi og
 skyldur bæjarstarfsmanna. Í því skyni að samræma hinar ýmsu
 reglur, sem gilda nú, eru aðilar sammála um að skipa fjögurra manna
 nefnd, sem skal starfa á tímabilinu 1. júní 1988 til 1. júní 1989.
 Nefndin skili tillögu að samræmdum reglum til samninganefnda
 1989. Miða skal við, að nýjar reglur taki gildi 1. desember 1989.“
 Síðast gildandi kjarasamningi aðila var að finna eftirfarandi
 ákvæði í gr. 2.3.8.:

„Skylt er starfsmanni að vinna þá yfirvinnu, sem yfirmaður hans
 er nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni öðrum en þeim, sem
 er umræddur, skyldu að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri
 en þeir þrjú af tilskildum vinnutíma.“

Þess vegna er ákvæði voru ekki tekin upp í hinn nýja kjarasamning.
 Í kjarasamningnum er kafla um réttindi og skyldur starfsmanna
 í 11. kafla. Hann er ein grein, 11.1., svohljóðandi:
 „Hjá þeim starfsmönnum sveitarfélaga, þar sem ekki gilda sér-

stakar reglur um réttindi og skyldur, skulu gilda lög nr. 38/1954 með á orðnum breytingum og reglugerðum samkvæmt þeim, eftir því sem við á. (Sjá bókun VIII.)“

Hjá starfsmönnum stefnda eru í gildi reglur um réttindi og skyldur. Rétturinn lítur svo á, að í þeim felist ekki tæmandi reglur um allt, er varðar réttindi og skyldur starfsmanna stefnda, heldur felist í gr. 11.1. í kjarasamningnum, að lög nr. 38/1954 gildi um þau atriði, sem ekki er fjallað um í reglum þessum. Í þeim er ekki sérstakt ákvæði um yfirvinnuskyldu, og fer því um yfirvinnuskyldu eftir ákvæðum 31. gr. laga nr. 38/1954.

Rétt þykir, að hvor aðili greiði kostnað sinn af máli þessu.

D ó m s o r ð:

Um yfirvinnuskyldu starfsmanna Akureyrarbæjar fer eftir ákvæðum 31. gr. laga nr. 38/1954.

Hvor aðili greiði sinn kostnað málsins.

S é r a t k v æ ð i

Sigurveigar Sigurðardóttur.

Við gerð kjarasamnings aðila hinn 19. mars 1987 var felld niður ákvæði það um yfirvinnu, sem var í fyrra kjarasamningi og greint er í ákvæði meiri hluta dómenda. Í kjarasamningi aðila er því ekki ákvæði um yfirvinnuskyldu.

Samkvæmt gr. 11.1. í kjarasamningnum skulu lög nr. 38/1954 gilda um réttindi og skyldur þeirra bæjarstarfsmanna, sem ekki hafa sérstakar reglur þar um. Hjá aðilum máls þessa eru í gildi reglur um réttindi og skyldur starfsmanna Akureyrarbæjar. Þess vegna eiga reglur laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur ekki við um félagsmenn stefnanda.

Ber því að fallast á kröfur stefnanda í tl. 1. og 2., en rétt þykir, að hvor aðili beri sinn málskostnað.